



Skýrsla stjórnar fyrir 2020-2021



Lilja Magnúsdóttir segir frá skógrækt sinni að Kvígindisfelli í Tálknafirði.

Nóvember 2021

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Aðalfundur 2020 og stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2020 var haldinn 25. mars 2021. Samkvæmt lögum félagsins hefði átt að halda fundinn fyrir byrjun nóvember 2020, en óvissa vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid-19 frestaði flestum fundaplönunum. Að lokum var því ákveðið að halda fundinn í fjarfundi, til að hægt væri að sinna skylduverkum.

Úr stjórn átti að ganga Agnes Geirdal og gaf hún ekki kost á sér áfram. Í hennar stað var kosin Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Hraundís Guðmundsdóttir sem varamaður. Fyrir sátu í stjórn Ragnhildur Freysteinsdóttir og Sigríður E. Elefsen. Stjórn skiptir með sér verkum á þann hátt að Ragnhildur er formaður, Sigríður Júlía er ritari og Sigríður gjaldkeri.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

Viðburðir

Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif bæði árin 2020 og 2021 og þurftu viðburðir félagsins að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Fyrir vikið urðu viðburðir ekki eins margir og vilji stjórnar stóð til. Þeir viðburðir sem þó voru haldnir voru:

- Kaffifundur á vefnum. Í kjölfar umræðu á aðalfundi 2020 var ákveðið að efna til spjallfunda á vefnum, til að gera skógarkonum um land allt tækifæri á að kynnast og spjalla saman, óháð staðsetningu. Tveir fundir voru haldnir, þann 29. apríl og 16. september.
- Heimsókn til skógarbónda í júlí 2021. Lilja Magnúsdóttir, skógarbóndi á Kvígindisfelli í Tálknafirði tók á móti skógarkonum.
- Heimsókn til Skógræktarfélags Reykjavíkur í október 2021. Auður Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, tók á móti skógarkonum, en hún er fyrsta konan sem gegnir þessu starfi.

Samstarf

- Skógarkonur og félögin í Svíþjóð og Noregi (Spillkråkan og Kvinner i skogbruket) sendu inn sameiginlega umsókn til norræns jafnréttissjóðs í mars 2021 um verkefni er laut að því að jafna stöðu kvenna innan skógargeirans. Því miður fékkst ekki styrkur fyrir verkefninu.
- Norska skógarkvennafélagið – Kvinner i skogbruket – fékk styrk til að halda ráðstefnu sem fyrirhugað er að hafa sameiginlega með okkur og sænska félaginu að hluta. Stefnt er að henni í Skogsmuseum í Elverum um miðjan mars. Ekki er búið að ganga endanlega frá fyrirkomulagi og dagskrá, en stefnt er að „bland-ráðstefnu“, þ.e. hluti dagskrár á staðnum í Elverum og hluti í fjarfundi með tengda viðburði í Svíþjóð og hérlandis.

- Skógarkonur hafa verið í samstarfi við Félag skógarkvenna í Póllandi (Stowarzyszenie Kobiet Lasu). Þær fengu styrk, með okkur og norska félaginu sem samstarfsaðila, í verkefni sem lýtur að auknu jafnrétti innan skógargeirans. Í verkefninu er gert ráð fyrir heimsóknnum milli landanna. Fyrirhugað var að fulltrúar frá okkur og norska félaginu færu í heimsókn til Póllands í október, en vegna anna hjá norska félaginu og Covid-19 var ákveðið að fresta heimsókninni. Er hún nú fyrirhuguð í maí 2022. Stefnt er að heimsókn fulltrúa pólska félagsins hingað til lands í júní 2022.
- Formaður hefur setið nokkra fjarfundi með félögum skógarkvenna víða um Evrópu, þar sem rætt hefur verið um stofnun Evrópu-regnhlífarsamtaka félaga skógarkvenna.



Auður Kjartansdóttir (t.h.), framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir frá starfsemi félagsins.